

“5.gr.

Allir sem áhuga hafa á vinnuvistfræði geta orðið félagar. Inntaka nýrra félagsmanna tekur gildi þegar félagsgjöld hafa verið greidd. Félagsgjald er greitt fyrirfram fyrir eitt ár í senn og er óendurkræft.

Með greiðslu félagsgjalda njóta einstaklingar allra þeirra réttinda sem Vinnís hefur upp á að bjóða. Meðal þeirra réttinda er þátttaka í stjórn, nefndarstarfi og atkvæðisréttur.

Fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök geta sótt um styrktaraðild. Fyrirtækjum gefst kostur á að setja vörumerki sitt á heimasíðu félagsins og sækja fundi og fræðslu á vegum félagsins. Styrktaraðilar hafa ekki atkvæðisrétt á aðalfundi félagsins.

Stjórn félagsins getur vikið félagsmanni úr félaginu ef henni þykja efni standa til en hann getur borið mál sitt undir almennan félagsfund.”